

Upplýsingar um skilmála kaupréttar skv. kaupaukakerfi fyrir árið 2025 og forsendur við verðlagningu þeirra.

Í samræmi við kaupaukakerfi Arion banka getur hluti af starfsfólki bankans fengið greiddan kaupauka vegna ársins 2025 sem nemur allt að 25% af föstum árslaunum.

Við útgreiðslu á kaupauka í mars 2026 vegna ársins 2025 þá verður hluti kaupaukans fyrir þennan hóp greiddur í formi peningagreiðslu (allt að 20% af samþykktum kaupauka). Starfsfólk getur svo valið á milli þriggja valkosta þegar kom að útgreiðslu á eftirstöðvum kaupaukans: i) hlutabréf í Arion banka, ii) kauprétti á hlutabréfum í Arion banka eða iii) blöndu af hvoru tveggja.

Helstu skilmálar kaupréttasamningana eru eftirfarandi:

Kaupréttir skv. ii) taka til 80% af samþykktum kaupauka. Fyrri nýtingartímabil kaupréttarsamningsins, þar sem leyfilegt er að nýta helming kaupréttar, er eftir þrjú ár en síðara nýtingartímabilið fyrir hinn helming kaupréttarins er eftir fjögur ár (fimm ár fyrir bankastjóra og starfsfólk sem heyrir beint undir hann).

Kaupréttir skv. iii) taka eingöngu til frestaðs hluta kaupauka eða 40% af samþykktum kaupauka. Nýtingartímabil kaupréttarins er eftir fjögur ár (fimm ár fyrir bankastjóra og það starfsfólk sem heyrir beint undir hann).

Nýtingartímabil er 20 virkir dagar eftir birtingu ársreiknings.

Ef kaupréttur, eða hluti kaupréttar, er ekki nýttur á viðkomandi nýtingartímabili fellur hann niður.

Grunnverð í kaupréttarsamningunum er 199,5 á hlut sem er gengi hlutabréfa í Arion banka á þeim degi er ársreikningur fyrir árið 2025 var samþykktur og er það ávaxtað yfir ávinnslutíma á 5,5% ársvöxtum og skal verðið m.a. leiðrétt fyrir arðgreiðslum sem kunna að vera ákveðnar á ávinnslutíma.

Kaupréttir falla almennt niður ef ráðningarsambandi er slitið.

Við tilteknaðar aðstæður er félaginu heimilt að afturkalla kauprétti í heild eða að hluta í samræmi við reglur félagsins um kaupaukakerfi.

Helstu forsendur við verðlagningu kaupréttar

Virði kaupréttar var reiknað skv. reiknilíkani Black-Scholes af óháðum sérfræðingi.

Virði kaupréttar skv. leið II			
ISK	3 ár	4 ár	Vegið virði
Fjöldi hluta	0,5	0,5	1,0
Hlutabréfaverð á útreiknidegi	199,5	199,9	199,5
Flökt	20,5%	21,3%	20,9%
Áhættulausir vextir	6,96%	6,88%	6,92%
Arðgreiðsluhlutfall	0,0%	0,0%	0,0%
Kauðverð m.v. 5,5% vexti	234,4	247,1	240,7
Líftími kaupréttar	3,0	4,0	3,5
d1	0,322	0,363	0,343
d2	-0,036	-0,066	-0,051
Virði kaupréttar	31,2	37,4	34,3

Virði kaupréttar skv. leið II - bankastjóri og starfsmenn sem heyra undir hann			
ISK	3 ár	4 ár	Vegið virði
Fjöldi hluta	0,5	0,5	1,0
Hlutabréfaverð á útreiknidegi	199,5	199,5	199,5
Flökt	20,5%	21,5%	21,0%
Áhættulausir vextir	6,96%	6,82%	6,89%
Arðgreiðsluhlutfall	0,0%	0,0%	0,0%
Kauðverð m.v. 5,5% vexti	234,3	260,7	247,5
Líftími kaupréttar	3,0	5,0	4,0
d1	0,322	0,399	0,36
d2	-0,036	-0,083	-0,060
Virði kaupréttar	31,2	42,2	36,7

Virði kaupréttar - leið iii) blönduð leið		
ISK	4 ár	5 ár
Fjöldi hluta	1	1
Hlutabréfaverð á útreiknidegi	199,9	199,9
Flökt	21,3%	21,5%
Áhættulausir vextir	6,88%	6,82%
Arðgreiðsluhlutfall	0,00%	0,00%
Kauðverð m.v. 5,5% vexti	247,1	260,7
d1	0,363	0,399
d2	-0,066	-0,083
Virði kaupréttar	37,4	42,2